


Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 5.tbl. 12. árg

Febrúar til apríl 2023



Kæru forráðamenn Glerárskóla, komið þið sæl!

Nú er þorinn í algleymi, glitský á himni og framkvæmdir á fullri ferð í Glerárskóla. Náms- og starf í skólanum þróast áfram þar sem kennarar og nemendur vinna saman að því að læra eitthvað nýtt á hverjum degi. Nú standa yfir viðtöl nemenda, forráðamanna og kennara sem unnin voru af nemendum sjálfum sem stýra líka viðtölunum ásamt kennurum sínum. Með nemendastýrðum viðtölum reynum við að fá nemendur til að huga meira og betur að eigin námi og verða meðvitaðar um þá ábyrgð sem liggur á þeirra herðum gagnvart náminu. Það skiptir miklu máli að setjast niður og ræða við börnin um námið þeirra og hvernig þau sjá fyrir sér að ná sem bestum árangri.

Framundan eru vorannarverkin í skólanum. Má þar helst nefna þemadaga í febrúar en þá daga verða fjölgreindarleikar þar sem skólanum er skipt í hópa þvert á árganga sem vinna saman að allskyns þrautum, líkamlegum og andlegum, á fjölmörgum stuttum stöðvum. Einnig er framundan vetrarfrí skólans, ferð í Hlíðarfjall og að sjálfsögðu sjálf árshátíðin sem haldin verður í lok mars komandi.

Eftir páskana verður tíminn fljótur að líða en þá er á dagskrá námsferð starfsfólks skólans, skólaferðalag 10. bekkinga og dagar útiveru nemenda í lok skólaársins. Áður en varir verður því komið að skólaslitum sem þetta árið eru þriðjudaginn 6. júní.

Næst á dagskránni eru Fjölgreindarleikarnir, 14. og 15. febrúar, og vetrarfríð, 22. - 24. febrúar, sem við vonum að sem flestir nái að nýta í samveru fjölskyldunnar.

Með hækkandi sól verður skapið léttara og tíminn fljótari að líða. Það eru gleðilegir tímar framundan í skólastarfinu í Glerárskóla og gott að vita til þess að samvinna skóla og heimila er mikil og góð. Takk fyrir það.

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel og fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega.

Kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Faglegt starf í Glerárskóla

Árið 2020 var kynnt ný menntastefna Akureyrarbæjar. Síðan þá hefur Glerárskóli unnið ötullega að því að þróa starfshætti í skólanum til samræmis við hana. Hluti af því starfi er innra mat skólans sem nú er komið nokkuð gott skrið og búið að móta verklag til að það verði sem best úr garði gert. Við notum vefsíðuna BRAVOLesson til að aðstoða okkur við skráningar og vinnslu en á hverju vori er gefin út skýrsla sem síðan er birt á heimasíðu skólans og þar má finna allt um innra matið.



Annað sem tengja má nýju menntastefnunni er vinnan við að efla ábyrgð nemenda á eigin námi. Nemendastýrð viðtöl eru hluti af þeirri vinnu en þá þurfa nemendur að taka ábyrgð á umræðu um eigið nám, hvar þeir standa og hvert þeir ætla í framhaldinu.

Skólinn er líka að móta eigin stefnu í læsi og er nú unnið ötullega að því m.a. með læsisátaki í skólanum og þátttöku í læsisþingi allra skóla á Akureyri.

Framkvæmdir í Glerárskóla

Framkvæmdir við A-álmu ganga glimrandi vel og eru á áætlun. Ekki tókst að fara í gröft austan álmunnar fyrir jólin eins og ráð var fyrir gert og mun það því bíða aðeins en farið verður í það mjög fljótlega. Verið er að setja upp veggj á efri hæð og saga göt og glugga á 1. hæðinni í þessum skrifuðu orðum.



Von okkar er að allt haldi áfram að ganga svona vel þannig að framkvæmdum verði lokið fyrr en síðar.

Það er einnig von okkar að strax verði farið í að klára uppbyggingu skólans, eða í beinu framhaldi af núverandi framkvæmd. Eins og er hljóðar fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar ekki upp á það. Áætlanir geta þó alltaf breyst og yrði það mikið gleðiefni ef hægt væri að klára uppbyggingu á Glerárskólasvæðinu í einni beit. Þá lyki framkvæmdatímabili í Glerárskóla sem staðið hefur nær sleitulaust frá því að C-álmann varð fyrir vatnstjóni sumarið 2012 og brann síðan ári síðar eða í janúar 2013.

Frá þeim tíma hafa nánast alltaf verið einhverjar framkvæmdir í skólanum, bæði vegna áfalla eins og bruna og vegna endurbyggingar húsnæðis. Þó það sé gleðiefni að fá endurbætt húsnæði er það mikið álag í skólastarfinu að vera með endalausar framkvæmdir í gangi.



Það verður því mikill gleðidagur þegar öllum framkvæmdum verður lokið í uppbyggingu Glerárskóla og vonandi verður það sem allra fyrst.

„Bros kostar minna en rafmagn en ber meiri birtu”
Höf. ókunnur

Helstu atburðir í febrúar til júní 2023

Febrúar 2023	
1. febrúar	Seinni víðtalsdagur
14. - 15. febrúar	Fjölgreindarleikar (þemadagar)
22. - 24. febrúar	Vetrarfrí - nemendur í fríi frá skólasókn
Mars 2023	
7. mars	Upphátt - upplestrarkeppni 7. bekkja Ak. - kl. 14:30 í Hofi
15. mars	Hlíðarfjall - Skóla lýkur kl. 12:00 og þá opnar Frístund fyrir skráða nem.
29. - 30. mars	Árshátíð Glerárskóla (öll vikan meira og minna)
Apríl 2023	
1.-10. apríl	Páskafri (Frístund opin 3.-5. apríl fyrir skráða nemendur)
20. apríl	Sumardagurinn fyrsti - skólafrí
28. apríl	Skipulagsdagur - nemendur í fríi frá skólasókn
Mái 2023	
1. maí	Frídagur
15. - 17. maí	Skólaferðalag 10. bekkjar
18. maí	Uppstigningardagur - skólafrí
Júní 2023	
1. og 5. júní	Uppbrotsdagur - skólastarf til 13:15 hjá nemendum
6. júní	Skólaslit (nánar síðar)

Upphátt - upplestrarkeppni 7. bekkjar grunnskóla Akureyrar

Upphátt, upplestrarkeppni 7. bekkjar grunnskólanna á Akureyri fer fram í Hofi, þriðjudaginn 7. mars 2022 kl. 14:30.
Forval innan Glerárskóla fer fram um/upp úr miðjum febrúar. Nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.



Veggspjald Upphátt

Dómnefnd hefur nú tekið ákvörðun um úrslit á vali á veggspjaldi fyrir Upphátt 2023. Í dómnefnd sátu: Kristín Jóhannesdóttir (sviðsstjóri) Elva Haraldsdóttir (kennsluráðgjafi) og Almar Alfreðsson (Grafískur hönnuður og verkefnastjóri menningarmála). Einnig tóku þátt nokkrir aðila á fræðslu- og lýðheilsusviði til að gefa sitt mat. Veggspjöldin voru nafnlaus svo ekki var vitað hvaða skóli skilaði inn hvaða tillögu.

Við val á veggspjaldi var horft í eftirfarandi þætti:

- Helstu upplýsingar koma fram; Heiti keppinnar, staður, dagsetning, klukka
- Sköpun í verki
- Tenging við keppnina/gildi keppinnar
- Grafík: Uppsetning, fókus punktur, nýtingu myndmáls og jafnvægi milli lita

Fimm skólar af þeim sjö sem taka þátt í ár skiluðu inn tillögu en hver skóli mátti aðeins senda inn eina mynd.

Sá nemandi sem ber sigur úr býtum þetta árið er **Una Björk Viðarsdóttir, nemandi í Glerárskóla** 🥳

Hér má sjá veggspjaldsteikninguna sem síðan verður útfærð á auglýsingaspjaldsformi.
Glæsilegur árangur hjá okkar nemanda, til hamingju Una!

Ábending til allra

Ábending barst frá íbúa á Akureyri þess efnis að minna börnin okkar á að fara ekki upp í bíl með ókunnugum en íbúi þessi horfði á unga stúlku reyna að fá far með bílum sem óku framhjá í Skarðshlíðinni. Þar sem ekki er vitað hver unga stúlkan var, viljum við benda forráðamönnum á að ræða við börnin sín um að fara ekki upp í bíla hjá ókunnugum.



Glerárskóli í Hlíðarfjalli

Glerárskóli skundar í Hlíðarfjall **miðvikudaginn 15. mars 2023**. Ef sá dagur gengur ekki upp vegna veðurs verður farið fimmtudaginn 16. mars 2023.

Þeir nemendur í 5. - 10. bekk sem **eiga ekki** búnað, geta fengið hann að láni í Hlíðarfjalli en ekki verður hægt að lána nemendum í 1. - 4. bekk búnað né þeim sem eiga búnað heima.

Mætingar í skólann eru sem hér segir:

1. - 4. bekkur:

Mæting í skóla kl. 8:15. Komið til baka kl 11:35, þá er matur og skóla lýkur kl. 12:00 en þá opnar Frístund fyrir skráða nemendur.

5. - 7. bekkur:

Mæting í skóla kl. 8:15. Komið til baka kl. 11:15 þá er matur og skóla lýkur kl. 12:00.

8. - 10. bekkur:

Mæting í **Glerárskóla** kl. 8:30. Komið til baka 12:00 þá er matur og skóla lokið. **Valgreinar verða eftir hádegi.**

Við minnum einnig á að nemendur verða að koma **vel klæddir eftir veðri** til útiveru allan morguninn og **muna eftir nesti.**

Nánari upplýsingar verða sendar í tölvupósti þegar nær dregur.



*„Dagurinn í gær er liðinn. Morgundagurinn er óvænt ánægja.
Dagurinn í dag er gjöf“
Höf. ókunnur*

Bílastæði - Sleppisvæði við Glerárskóla - upprifjun

Við þökkum forráðamönnum fyrir góða samvinnu vegna nýs bílastæðis og aðgengis að skólanum.

Viljum samt sem áður rifja upp beiðni til forráðamanna um að aka ekki bílum heim að skólanum heldur nýta **sleppisvæðið** sem er við Höfðahlíðina. Best af öllu er að nemendur gangi í skólann en í brýnni nauðsyn er gott að nota sleppisvæðið. Ekki er ætlast til að bílum sé ekið að skólanum, því þar eru ekki bílastæði nema fyrir fatlaða, vörulosun eða neyðarástand.

Einnig skal athuga vel að bílum sé **ekki** ekið né lagt inn á gangstíga, eyjur og skólalóð við A-álmu og leikskólann Árholt.

Bendum einnig á að einstefna er á bílastæði og sleppisvæði frá Árholti og í átt að Klöppum.

Vinsamlega nýtið bílastæðin við Höfðahlíð eða ofan við leikskólann Klappir en þaðan er góð leið að skólanum, sundlaug og íþróttahúsi í gegnum vindanddyri.

**Erasmus+ í Glerárskóla**

Eins og allir vita er Glerárskóli þátttakandi í Erasmus+ verkefninu „Be a Shield Around the World“. Í desember fór föngulegur hópur nemenda og starfsmanna til Austurríkis og var sú ferð hin besta. Nú í mars fer annar hópur til Rúmeníu og verður gaman að útvíkka sjóndeildarhringinn í því rómaða landi.

Verið er að vinna í þátttöku á fleiri Erasmus+ verkefnum og kemur í ljós á næstu mánuðum hvernig framhaldið verður hjá okkur í Glerárskóla.



Árshátíð 2022-2023

Víkuna 27. - 31. mars 2023 verður mikið um að vera í Glerárskóla eins og lög gera ráð fyrir. Árshátíðin okkar hefur frá upphafi (nú yfir 30 ár) verið þekkt fyrir glæsileika og engin undantekning verður á því þetta árið.



Nemendur í 9. bekk hafa þegar byrjað æfingar á leikverki hátíðarinnar og aðrir bekkir fara brátt að huga að sínum atriðum. Sýningar verða líkt og venjulega á miðvikudegi og fimmtudegi en á fimmtudagseftirmiðdag og kvöld verða árshátíðarböll nemenda.


Allt skipulag við árshátíðina er ígrundað í þaula og allir nemendur og starfsmenn koma að henni á einhvern hátt. Þar sem Glerárskóli á ekki hátíðarsal, setjum við upp glæsilega aðstöðu í íþróttahúsi og til þess þarf margar hendur.

En það er ekki einvörðungu leiklistin sem fær að njóta sín þessa daga. Glerárskóli vill standa fyrir öflugum list- og verkgreinum utan alls þess sem bóklegar greinar og hreyfing leggja áherslu á. Þess vegna er alltaf ljóðasamkeppni og myndlistarsamkeppni í tengslum við árshátíðina auk þess sem við krýnum íþróttafólk ársins á þessum dögum. Listaverk nemenda eru síðan til sýnis á árshátíðardögum. Árshátíðardagarnir eru því stór hluti af skólasýn Glerárskóla: HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Nánari upplýsingar verða sendar í sér pósti til forráðamanna þegar nær dregur.

Heimsóknir í Glerárskóla

Föstudaginn 3. febrúar komandi koma formaður KI og varaformaður KÍ í heimsókn í Glerárskóla í stutta heimsókn milli 9:30 - 11:00.



Sama dag koma í heimsókn í Glerárskóla 10 kennarar frá Hollandi sem nú stunda sitt mastersnám í Hanze háskóla í Groningen og hafa óskað eftir að kynna sér starfið í Glerárskóla. Kennararnir heimsækja eftirtalda árganga: 1., 2., 3., 6. og 7. bekk og verða í skólanum frá 8:00 - 12:00.

Fimmtudaginn 9. febrúar koma tveir háskólakennarar frá Belgíu í heimsókn í Glerárskóla til að kynna sér starfið sem hér fer fram. Háskólakennararnir koma til með að kíkja í stofur og spjalla við kennara og nemendur milli 9:00 og 12:00.

„Blessaðir eru þeir sem geta gefið án þess að muna og þegið án þess að gleyma“
Höf. ókunnur

Samstarf Klappa og Glerárskóla

Glerárskóli og leikskólinn Klappir eru að þróa með sér aukið samstarf. Börnin í leikskólanum heimsækja nemendur í yngstu bekkjunum og vinna ýmis verkefni með þeim. Bæði inn í stofum og í leik úti. Einnig er verið að vinna í því að nemendur í 6. og 7. bekk fari í leikskólann og lesi fyrir börnin þar en sú vinna fer af stað nú á vormánuðum. Í framhaldinu verður samstarfið að öllum vonum aukið eins og hægt er.



Lestaráttak í Glerárskóla

Víkuna 6.- 10. febrúar verður lestrarátak í 1.-7.bekk í Glerárskóla. Bókasafnið verður miðpunktur átaksins en nemendur velja sér bók við hæfi, í samráði við kennara, og lesa hana. Þegar nemandi hefur lokið við bók fær hann sólargeisla í tilteknum lit þar sem hann skrifar bókartitil, nafn höfundar og bekk. Sólargeislarnir verða síðan hengdir á þar til gerða sól svo smám saman verður sólin umvafin geislum í mismunandi litum með upplýsingum um lesturinn. Forráðamenn eru hvattir til að hvetja börnin sín í lestrinum þessa viku sem allar aðrar. Heimalestur þessa vikuna tekur mið af lestrarátakinu.



Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en

í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

